

fyrirskipi samkvæmt lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880, 4. gr., að Klausturhóla prestakall skuli niður lagt, þannig að Klausturhóla- og Búrfells sóknir leggist til Mosfells prestakalls og Úlfjótuvatns kirkjusókn til Þingvalla prestakalls og að til hins síðarnefnda prestakalls leggist jarðarafgjöld af Miðdalskirkjujörðinni Ketilvöllum og sömu-leiðis prestsgjöld frá jörðunum Kaldárhöfða, Efri-Brú, Syðri-Brú og Ásgarði í Búrfells-sókn. Í sambandi við þetta hafið þjer skýrt frá, að brauð þessi hafi orðið laus og hafi þá reynzt ómögulegt að fá presta í þau bæði einsog þau áttu að verða samkvæmt lögum 27. febr. 1880, og að hlutadeigandi hjeraðsprófastur og biskupiinn hafi gefið bænarskránni meðmæli sín og loks að sóknarpresturinn að Þingvöllum hafi sent yfirlýsingu um, að hvorki hann eða söfnuður hans hafi nokkuð á móti því, að Úlfjótuvatns sókn verði sameinuð Þingvalla prestakalli. Þjer teljið nú skipulag það heppilegt, sem hjer er farið fram á og sem engin ný gjöld hefir í för með sjer fyrir landsjóðinn, og þjer ætlið að tilgangurinn með ákvæði því í lögum 27. febr. 1880, sem vitnað er til, hafi verið sá, að veita landshöfðingja vald til að ráða til lykta breytingum á skipun prestakalla, þegar svo stendur á, sem ráð er fyrir gjört í lagaákvæðinu, að minnsta kosti þegar um engin aukin gjöld er að ræða fyrir landssjóð. En þrátt fyrir hvorttveggja þetta, hafið þjer álitid, þarsem Finsen landshöfðingi hefir á sínum tíma fylgt öðrum skilningi á lagaákvæði þessu, að þjer ættuð ekki á yðar eindæmi að gjöra út um málið, og hafið þjer því beiðzt leiðbeiningar minnar um skilning á lagareglu þeirri, sem hjer er um að ræða, og ef til þess kemur, að mjer þyki sú aðferðin nauðsynleg, hafið þjer beiðzt þess, að lagt verði fyrir alþingi það, er saman á að koma í sumar, lagafrumvarp um skipun á máli þessu samkvæmt óskum safnaðanna.

Útaf þessu skal eigi látið hjálíða að tjá yður þjónustusamlega, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg verð að ætla, að lög 27. febr. 1880, 4. gr., veiti landshöfðingja heimild til að staðfesta breytingu á sókna- og brauðaskipun, sem ekki hefir gjöld í för með sjer fyrir landssjóð, þegar hlutadeigandi söfnuðir biðja um breytinguna, hjeraðsfundur samþykkir hana og biskupinn gefur henni meðmæli sín. Þessvegna skal jeg samkvæmt því fela yður á vald að ráða til lykta máli því, er hjer liggur fyrir.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gjöld til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1889. — Samkvæmt allraþegnlegastri tillögu ráðgjafans, hefir hans hátign konunginum þóknast 7. p. m. að fallast á, að gjöldin til fulltrúa stjórnarinnar á hinni reglulegu samkomu alþingis 1889 skuli ákeðin 2000 kr.

Þetta er eigi látið hjá líða hjermeð þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja útaf þingsályktun um verðlagsskýrslur. — Neðri deild alþingis 1885 samþykkti þingsályktun, þarsem skorað var á landsstjórnina, að hlutast til um, að verðlagsskýrslur verði framvegis samdar af hreppstjóra, presti og hreppsnefndaroddvita í sameiningu, og að þær liggja hreppsúum til sýnis á hentugum stað í 2 vikur, áður en þær verða sendar hlutadeigandi yfirvöldum. Eins og jeg þegar gat um í brjefi til yðar, herra landshöfðingi, dags. 26. febr. f. á., hef jeg ekki álitid að máli þessu mætti ráða til lykta með konungsúrskurði, en ætlað, að til þess þyrfti lög. Jeg hef heldur ekki getað fallizt á efnið í þingsályktun þeirri, sem nefnd þingdeild hefir komið fram með, af því að þar er ekki næg trygging fyrir, að allt það, sem á að hafa áhrif á setningu verðlagsskýrslanna, komizt þar að

64
5. maí.65
13. maí.66
14. maí.

66 svo sem vera ber. Jeg bað yður að láta mjer í ljósi álit yðar um, hvort það mundi á 14. maí. Íslandi talið gagnleg bót í þessu máli, ef komið væri á þriðju skýrslunum um meðalverð, einsog annarsstaðar í konungsríkinu á sjer stað samkvæmt lögum 16. febr. 1866 og lögum fyrir Færeysjar 1. maí 1868, sem væru jafnhliða þeim tveimur verðlagsskýrslum (hrepptjórnanna og prestanna), sem nú eru, og sem samdar væru af þartil kosnum manni fyrir hrepp hvern eða kaupstað, og að hreppsúum eða prestakallsúum væri ennfremur gefið færi á, að kynna sjer skýrslur þessar, áður þær væru sendar yfirvöldum þeim, sem byggju til verðlagsskrána, og sem að líkindum ættu að vera hin sömu sem nú, en heimild ættu þau að hafa til að rannsaka skýrslur þær, er þeim væru sendar, heimta skýringar frá þeim, sem skýrslurnar hafa samið, um, hvaðan þeir hafi verðlag það, sem þeir hafa frá skýrt, og loks ættu þau að hafa heimild til, að taka ekkert tillit til þeirra skýrslna, sem reyndust alveg rangar. Ef þetta þætti miða til verulegra bóta, kvadst jeg fús til, til þess að verða við óskum neðri deildar alþingis, að leggja fyrir þingið lagafrumvarp, er gangi í þessa átt. Nú hafið þjer, í brjefi 12. marz þ. á., látið í ljósi, að engin ástæða sje til, eptir reynslu þeirri, sem hingað til sje fengin, að efast um, að skýrslur þessar sjeu áreiðanlegar, og að lítil trygging fengist að yðar ætlun fyrir því, að skýrslurnar yrðu áreiðanlegri, þó þriðju skýrslunum yrði komið á jafnhliða hinum tveimur, og að þess vegna sje eigi ástæða til að leggja mál þetta fyrir löggjafarvaldið. Eptir sögu þessa máls á þinginu, ætlið þjer heldur ekki, að þinginu mundi þykja ráðstöfun sú, sem nefnd er hjer að ofan, fara nógu langt í þessu efni og að þessvegna mundi enginn árangur verða af því, að leggja lagafrumvarp um það fyrir þingið.

Samkvæmt þessu álitu yðar, herra landshöfðingi, þykir ráðgjafanum ekki ástæða til að gjöra frekara við þetta mál að sinni.

Þetta læt jeg ekki hjálíða að tilkynna yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

EMBÆTTASKIPUN OG LAUSN FRÁ EMBÆTTI.

25. maí var sýslumanni í Dalasýslu, Páli Briem, eptir beiðni hans veitt lausn frá embætti þessu frá 1. júlí 1887 að telja.

26. s. m. var tjeður Páll Briem af ráðgjafanum settur fyrst um sinn málsfærslumaður við hinn kgl. íslenska landsyferrjett frá 1. júlí þ. á. að telja.

8. júní skipaði landshöfðingi sjera Brand Tómasson prest í Ásprestakalli í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi eptir að tillögu safnaðanna hafði verið um það leitað samkvæmt 10. gr. í lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauda.

ÓVEITT EMBÆTTI.

Sýslumannsembættið í Dalasýslu. Árslau 2500 kr. auk óvissra tekna samkvæmt lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. desbr. 1877.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þetta, eiga þeir samkvæmt konungsbrjefi 8. apríl 1844 og konungsrúskurðum 27. maí 1857 og 8. febr. 1865 að láta bónarbrjefum sínum fylgja fullnægjandi vottorð um, að þeir kunni íslenzku.

Auglýst 27. maí 1887.

Bónarbrjefin eiga að vera komin til ráðgjafans 17. ágúst 1887.

Hítarnes í Mýra- og Snæfellsnessprófastsdæmum (Hjörtseyjar-, Akra- og Kolbeinsstaða-sóknir). Veitist frá fardögum 1887. Sá, er þetta prestakall fær, skal greiða til uppgjafaprestsins kr. 84,22 á ári uppí eptirlaun hans og, ef til kemur, eptirlaun prestsekkju. Brauðið metið kr. 1284,22. Auglýst 2. júní 1887.

Þykkvabæjarklaustur í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi (Þykkvabæjarsókn). Brauðið metið 637 kr. 51 e. Auglýst 9. júní 1887.

Bæði þessi prestaköll verða veitt með þeim fyrirvara, að þeir, er þau fá, verða að sætta sig við rýrnun þá í tekjum þeirra, er leitt getur af ákvörðun 16. gr. laga 19. febr. 1886.